

## GJALDSKRÁ

### vegna hunda- og kattahalds í Borgarfjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Borgarfjarðarhreppi sbr. staflið b, 2. gr. samþykktar nr. 367/1998 um hundahald í Borgarfjarðarhreppi skal vera 12.000 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Borgarfjarðarhreppi sbr. staflið b, 2. gr. samþykktar nr. 361/1998 um kattahald í Borgarfjarðarhreppi skal vera 8.000 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Borgarfjarðarhreppi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Borgarfjarðarhreppi:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað kr. 15.000

fyrir annað skipti kr. 20.000

fyrir þriðja skipti kr. 25.000

Að auki skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunar-kostnað.

#### 4. gr.

Með vísan til 2. gr. n, í samþykkt um hundahald nr. 367/1998 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

#### 5. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 367/1998 og samþykkt um kattahald nr. 361/1998 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin sem er samin og samþykkt í hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, 4. mars 2013 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri óbirt gjaldskrá vegna hundahalds dags. 12. nóvember 1998 og gjaldskrá vegna kattahalds í Borgarfjarðarhreppi nr. 211/2006.

*Borgarfirði, 5. mars 2013.*

**Jón Þórðarson** sveitarstjóri.